



Thomas S. Monson forseti

Kærleikur—kjarni fagnaðarerindisins

Við getum ekki elskað Guð með sannni, ef við elskum ekki samferðafólk okkar í þessari jarðlífsferð.

Kæru bræður og systur, þegar frelsarinn þjónaði meðal manna, var hann spurður af lögvitringi: „Meistari, hvert er hið æðsta boðorð í lögmálinu?“

Matteus skráði svar Jesú:

„Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum.

Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð.

Annað er þessu líkt: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“¹

Markús lýkur frásögninni með þessari yfirlýsingu frelsarans: „Ekkert boðorð annað er þessum meira.“²

Við getum ekki elskað Guð með sannni, ef við elskum ekki samferðafólk okkar í þessari jarðlífsferð. Við getum sömuleiðis ekki fyllilega elskað samferðafólk okkar, ef við elskum ekki Guð, föður okkar allra. Jóhannes postuli segir við okkur: „Og þetta boðorð höfum vér frá honum, að sá sem elskar Guð á einnig að elska bróður sinn.“³ Við erum öll andabörn okkar himneska föður og sem slík erum við bræður

og systur. Ef við höfum þennan sannleika í huga, mun okkur reynast auðveldar að elska öll börn Guðs.

Kærleikur er í raun kjarni fagnaðarerindisins og Jesús Kristur er fyrirmynd okkar. Líf hans er kærleiksarfur. Hinn sjúka læknaði hann; hinum niðurnídda lyfti hann; hinn synduga frelsaði hann. Reiður múgurinn tók að endingu líf hans. Samt hljóma þessi orð frá Golgatahæð: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra“⁴—sem er æðsta tjáning jarðlífs um kærleika og samúð.

Ótal eiginleikar staðfesta kærleikann, svo sem gæska, þolinmæði, óeigingirni, hluttekning og fúsleiki til að fyrirgefa. Í öllum okkar samskiptum, munu þessir og aðrir eiginleikar sýna að við höfum kærleika í hjarta.

Kærleikur okkar sést yfirleitt í daglegum samskiptum við aðra. Afar mikilvægt er að við fáum skynjað þarfir fólks og brugðist síðan við. Orð þessa stutta ljóðs hafa ætíð verið mér ljúf:

*Syrgrt hef ég sárt að kveldi,
er skammsýnið mig hrelldi,
að sjá ekki náungans neyð,
því aldrei hefur sú leið,
reynst mér of lítills gild,
að sýna næga góðvild.⁵*

Nýlega var mér sagt frá hjartnæmu fordæmi um gæskuríka elsku— sem leiddi til hins ófyrirséða. Það gerðist árið 1933, í Kreppunni miklu, þegar atvinna var af skornum skammti. Sviðið var austurhluti Bandaríkjanna. Arlene Biesecker var nýútskrifuð úr grunnskóla. Eftir að hafa lengi leitað atvinnu, tókst henni loks að fá vinnu í fataverksmiðju sem saumakona. Saumakonurnar fengu aðeins greitt fyrir hverja flík sem lokið var við og var rétt saumuð. Því fleiri flíkur sem þær saumuðu, því hærri voru launin.

Dag einn, stuttu eftir að Arlene fór til vinnu, beið hennar flókin flík sem henni reyndist erfitt að sauma. Hún sat við saumavélina, rakti upp ranga sauma og reyndi að ljúka flíkinni sem hún saumaði. Engin virtist geta hjálpað henni, því allar saumakonurnar voru í óðaönn að sauma eins margar flíkur og þær gátu. Arlene var hjálparvana og örvæntingarfull. Hún tók að gráta svo lítið bar á.

Á móti Arlene sat Bernice Rock. Hún var eldri og reyndari saumakona. Bernice sá vandræði Arlene, gerði hlé á starfi sínu, fór til Arlene og sýndi henni af kærleika hvernig fara ætti að. Hún dvaldi hjá Arlene þar til hún hafði náð góðum tókum á flíkinni. Bernice fór síðan aftur að sínu saumaborði og saumaði færri flíkur en hún hefði getað, ef hún hefði ekki hjálpað Arlene.

Þetta kærleiksverk varð til þess að Bernice og Arlene urðu ævilangar vinkonur. Báðar giftu þær sig á endanum og eignuðust börn. Einhvern tíma á fimmta áratug tuttugustu aldar, gaf Bernice, sem var þegn kirkjunnar, Arlene og fjölskyldu hennar Mormónsbók. Árið 1960 létu Arlene, eiginmaður hennar og börn skírast inn í kirkjuna. Síðar voru þau innsigliuð í heilögu musteri Guðs.

Sú hluttekning sem Bernice sýndi, með því að leggja það á sig að hjálpa einhverjum sem hún ekki þekkti, en átti í vandræðum og þarfnadist aðstoðar, var til þess að ótal einstaklingar, bæði lifandi og látinir, hafa nú tekið á móti endurleysandi helgiathöfnum fagnaðarerindisins.

Dag hvern eru okkur gefin tækifæri til að sýna samferðafólki okkar elsku og vinsemd. Spencer W. Kimball forseti sagði: „Við þurfum að hafa í huga að þær manneskjur sem við hittum á bílastæðum, í skrifstofum, í lyftum og annarsstaðar, eru hluti af því mannkyni sem Guð hefur falið okkur að elska og þjóna. Það verður okkur ekki til mikils gagns að tala almennt um bræðralag mannkyns, ef við teljum ekki með þá sem eru allsstaðar umhverfis okkur, sem bræður okkar og systur.“⁶

Oft koma óvænt tækifæri til að sýna elsku okkar og kærleika. Dæmi um eitt slíkt er að finna í fréttagrein í október 1981. Ég var svo hræður yfir kærleikanum og samúðinni sem þar kemur fram að ég hef varðveitt greinina í yfir 30 ár.

Greinin segir frá því að flugvél Alaska Airlines flugfélagsins í beinu flugi frá Anchorage, Alaska, til Seattle, Washington—með 150 farþega um borð—hafi verið snúið af leið til afskekktu bæjar, í sjúkraflugi fyrir alvarlega slasað barn. Hinn tveggja ára gamli drengur hafði dottið á gler og slagæð í handlegg hans farið í sundur er hann var við leik nærri heimili sínu. Borgin var 725 km sunnan við Anchorage og vissulega ekki í flugleið. Læknar á staðnum höfðu sent út örvæntingarfulla hjálparbeiðni og því var vélinni snúið af flugleið til að

sækja barnið og fljúga með það til Seattle, til aðgerðar á sjúkrahúsi.

Þegar vélin lenti í nálægð við hinn afskekktu bæ, sögðu læknarnir við flugmanninn að drengnum hefði blætt svo mikið að hann myndi varla lifa af flug til Seattle. Því var ákveðið að fljúga aðra 320 kílómetra úr flugleið til Juneau, Alaska, en þar var næsta sjúkrahús.

Eftir að flogið hafði verið með drenginn til Juneau, var fluginu haldið áfram til Seattle, tveimur tímum á eftir áætlan. Enginn farþeganna möglaði, þótt flestir þeirra misstu af fundum og tengiflugi. Eftir því sem leið á flugið, tóku þeir reyndar upp budduna og söfnuðu tiltölulega hári peningaupphæð til styrktar drengnum og fjölskyldu hans.

Þegar flugvélin var um það bil að lenda í Seattle, mátti heyra fagnaðaróp frá farþegunum, er flugstjórnin tilkynnti að hann hefði fengið þau boð í gegnum talstöðina um að drengurinn væri úr allri hættu.⁷

Í huga minn koma þessi orð ritningarinnar: „Kærleikurinn er hin hreina ást Krists . . . og hverjum þeim, sem reynist eiga hann á efsta degi, honum mun vel farnast.“⁸

Bræður og systur, sum okkar bestu tækifæra til að sýna elsku eru innan veggja okkar eigin heimila. Kærleikurinn ætti að vera kjarni fjölskyldulífs, en svo er oft ekki. Oft ríkir þar of mikil óþolinmæði, of margar þrætur og of mörg tár. Gordon B. Hinckley forseti harmaði og sagði: „Hvers vegna er það svo að þeir sem við elskum heitast verða svo oft skotspónn okkar hvössu orða? Hvers vegna er það svo að við tölum stundum með eiturbeittum orðum?“⁹ Svarið við þessum spurningum kann að vera mismunandi hjá hverju okkar, en hvað sem því líður, þá skipta ástæðurnar ekki máli. Ef við hyggjumst halda boðorðið um að elska hvert annað, þá verðum við að sýna hvert öðru vinsemd og virðingu.

Auðvitað koma þeir tímar þegar þörf er á ögun. Við skulum þá muna eftir leiðsögninni í Kenningu og

sáttmálum—sem er að sýna þeim vaxandi kærleika sem við teljum nauðsynlegt að vanda um við.¹⁰

Ég vona að við reynum ætíð að vera tillitsöm og hugulsöm gagnvart hugsunum, tilfinningum og aðstæðum samferðafólks okkar. Við skulum ekki lítillækka eða vanvirða. Við skulum frekar vera samúðarfull og hvetjandi. Við verðum að gæta þess að draga ekki úr sjálfstrausti einhvers með vanhugsuðum orðum og gjörðum.

Fyrirgefning og kærleikur eiga ætíð að fylgjast að. Sérðar tilfinningar og ágreiningur kunna að vera á meðal fjölskyldu og vina. Ég segi aftur, það skiptir í raun engu hve ómerkilegt málið er. Ekki ætti að leyfa því að grafa um sig, festa rætur og loks eyðileggja út frá sér. Ásakanir kroppa ofan af sárinu. Fyrirgefning fær aðeins grætt það.

Dásamleg kona, sem nú er fallin frá, heimsótti mig eitt sinn og sagði óvænt frá nokkru sem hún sá eftir og harmaði. Hún sagði frá atburði sem gerst hafði mörgum árum áður, í tengslum við nágrannabónða þeirra hjóna, sem þau höfðu oft átt í úti-stöðum við. Dag einn spurði bóndinn hvort hann mætti fara yfir landareign þeirra til að komast á sinn akur. Henni varð orðavant augnablik og sagði svo titrandi röddu: „Bróðir Monson, ég leyfði honum ekki að fara yfir landareignina þá eða nokkurn tíma, svo hann varð að fara lengri leiðina fótgangandi, til að komast heim til sín. Ég breytti rangt, en sé nú eftir því. Nú er hann horfinn, en ó, hve ég vildi að ég gæti sagt við hann: „Mér þykir það svo leitt.“ Ó, hvað ég vildi fá annað tækifæri til að sýna vinsemd.“

Þegar ég hlustaði á hana, komu dapurleg orð Johns Greenleaf Whittier mér í huga: „Af öllum döprum orðum tungu eða penna, eru þessi dapurlegust: *Það hefði getað orðið!*“¹¹ Bræður og systur, ef við sýnum öðrum kærleika og tillitsemi, munum við komast hjá slíkri eftirsjá.

Kærleikurinn birtist í mörgum myndum: Í brosi, í kveðju, í hlýrri ábendingu, í hrósi. Aðrar

birtingarmyndir geta verið nákvæmari, svo sem að sýna gjörðum annarra áhuga, kenna reglu af ljúfmennsku og þolinmæði eða heimsækja einhvern sjúkan eða rúmfastan. Þessar gjörðir, og margar aðrar, geta verið kærleikstjáning.

Dale Carnegie, sem er kunnur bandarískur höfundur og fyrirlesari, trúði að innra með hverjum einstaklingi búi „kraftur til að auka við heildar hamingju heimsins . . . með því að mæla fáein orð einlægrar umhyggju til einhvers sem er einmanna eða kjarklaus.“ Hann sagði: „Þið gætuð gleymt ljúfum orðum sem þið mælið í dag, en sá sem tekur á móti þeim kann að varðveita þau alla ævi.“¹²

Megum við nú í dag byrja á því að tjá öllum börnum Guðs elsku, hvort sem þau eru fjölskylda okkar, vinir, kunningjar eða alls ókunnugir. Þegar við rísum dag hvern úr rekkju, skulum við ákveða að bregðast við af elsku og ljúfmennsku í öllu sem á vegi okkar verður.

Kæru bræður og systur, við fáum vart skilið kærleika Guðs til okkar. Hann sendi son sinn okkar vegna, sem elskaði okkur svo heitt að hann gaf líf sitt í okkar þágu, svo við mættum hljóta eilíft líf. Þegar við tökum að skilja þessa óviðjafnanlegu gjöf, mun hjarta okkar fyllast elsku til okkar eilífa föður, til frelsara okkar og allra manna. Ég bið þess einlæglega að svo megi vera, í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Matt 22:36–39.
2. Mark 12:31.
3. 1 Jón 4:21.
4. Lúk 23:34.
5. Höfundur ókunnur, í Richard L. Evans, „The Quality of Kindness,“ *Improvement Era*, maí 1960, 340.
6. *The Teachings of Spencer W. Kimball*, útg. Edward L. Kimball (1982), 483.
7. Sjá „Injured Boy Flown to Safety,“ *Daily Sitka Sentinel* (Alaska), 22. okt. 1981.
8. Moró 7:47.
9. Gordon B. Hinckley, „Let Love Be the Lodestar of Your Life,“ *Ensign*, maí 1989, 67.
10. Sjá Kenning og sáttmálar 121:43.
11. „Maud Muller,“ í *The Complete Poetical Works of John Greenleaf Whittier* (1878), 206; skáletrað hér.
12. Dale Carnegie, til að mynda í Larry Chang, *Wisdom for the Soul* (2006), 54.

Kennsla fyrir okkar tíma

Frjá maí 2014 til október 2014 ætti kennsluefni fjórða sunnudags fyrir Melkisedeksprestðæmi og Líknarfélag að byggjast á einni eða fleiri ræðum sem fluttar voru á aðalráðstefnu í apríl 2014. Í október 2014 má velja ræður hvort heldur frá aðalráðstefnu apríl- eða októbermánaðar 2014. Stikuforsetar og umdæmisforsetar ættu að velja hvaða ræður skal kenna, en þeim er einnig heimilt að fela biskupum og greinarforsetum þá ábyrgð.

Ræður þessar eru aðgengilegar á mörgum tungumálum á conference.lds.org.



Henry B. Eyring forseti
fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Ómetanleg arfleifð vonar

Kæru bræður og systur, sumum ykkar var boðið á þessa samkomu af trúboðum Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Þeir trúboðar gætu þegar hafa boðið ykkur að taka ákvörðun um að gera sáttmála við Guð með því að láta skírast.

Aðrir hlýða hér á, því þeir hafa þegið boð foreldris, eða hugsanlega barns, sem ykkur var fært í þeirri von að þið einsettuð ykkur að setja sáttmálana sem þið hafið þegar gert við Guð, aftur fremsta í lífi ykkar. Sum ykkar sem hlýðið hér á, hafið þegar ákveðið að snúa aftur til frelsarans og skynjið í dag gleði hans opnu arma.

Hver sem þið eruð og hvar sem þið eruð, þá er hamingja fleira fólks í ykkar höndum en þið fáið nú ímyndað ykkur. Hvern dag og hverja klukkustund getið þið valið að gera eða halda sáttmála við Guð.

Hvar sem þið eruð stödd á veginum til að erfa gjöf eilífs lífs, þá búið þið yfir því tækifæri að geta sýnt mörgum leiðina til aukinnar hamingju. Þegar þið ákveðið annaðhvort að gera eða halda sáttmála við Guð, eruð þið að velja að færa þeim, sem gætu fylgt fordæmi ykkar, arfleifð vonar.

Við höfum verið blessuð með fyrirheiti um slíka arfleifð. Ég á hamingju mína að þakka manni sem ég hef aldrei hitt í jarðlífinu. Hann var munaðarlaus og varð einn af langalangaöfum mínum. Hann skildi eftir sig ómetanlega arfleifð vonar. Ég ætla að segja ykkur frá því hvernig hann bjó mér þessa arfleifð vonar.

Hann hét Heinrich Eyring. Hann fæddist inn í mikið ríkidæmi. Faðir hans, Edward, átti stóra óðalsjörð í Coburg, sem nú er Þýskaland. Móði hans hét Viscountess Charlotte Von Blomberg. Faðir hennar var gæslumaður landeigna Prússakonungs.

Heinrich var fyrsti sonur Charlotte og Edwards. Charlotte lést 31 árs, eftir að hafa fætt þriðja barnið sitt. Edward lést nokkru síðar, eftir að hafa misst allt sitt ríkidæmi og eigur eftir slæma fjárfestingu. Hann lést einungis 40 ára gamall. Hann skildi eftir sig þrjú munaðarlaus börn.

Heinrich, langalangaafi minn, hafði misst báða foreldra sína og mikla veraldlega auðlegð. Hann átti ekki eyri. Hann skráði í ævisögu sína að hann taldi bestu möguleika sína liggja í því að fara til Ameríku. Hann batt von sína við Ameríku,

þótt hann ætti þar engin ættmenni eða vini. Fyrst fór hann til New York City. Síðar flutti hann til St. Louis, Missouri.

Í St. Louis var einn samstarfsmaður hans Síðari daga heilagur. Frá honum fékk hann eintak af bæklingi ritaðan af öldungi Parley P. Pratt. Hann las bæklinginn og ígrundaði allt efni sem hann fann um Síðari daga heilaga. Hann bað fyrir því að fá vitneskju um það hvort englar vitjuðu í raun manna, hvort til væri lifandi spáamaður og hvort hann hefði fundið sönn og opinberuð trúarbrögð.

Eftir tveggja mánaða vandlega ígrundun og bænir, dreymdi Heinrich draum þar sem honum var boðið að láta skírast. Öldungur William Brown, hvers nafn og prestdæmi eiga sér sérstakan staði í hjarta mínu, framkvæmdi helgiathöfnina. Heinrich var skírður í regnvatnslaug 11. mars 1855, klukkan 7:30 að morgni.

Ég trúi að Heinrich Eyring hafi þekkt þann sannleika sem ég kenni ykkur í dag. Hann vissi að hamingja eilífs lífs ætti rætur í varanlegum fjölskylduböndum. Hann vissi að von hans um eilífa gleði væri háð frjálsu vali annarra um að fylgja sér, jafnvel þótt hann hefði svo nýlega fundið sæluáætlun Drottins. Von hans um eilífa hamingju var undir ófæddu fólki komin.

Hann skildi eftir sig ævisögu, sem er hluti af vonararfleifð fjölskyldunnar.

Í þeirri sögu skynja ég elsku hans til þeirra sem áttu eftir að fylgja honum. Í orðum hans skynja ég von hans um að niðjar hans mættu velja að fylgja honum á veginum til okkar himnesku heimkynna. Honum var ljóst að ekki væri um einn

stórfenglegan valkost að ræða, heldur marga litla. Ég vitna í sögu hans:

„Frá þeirri stundu er ég fyrst heyrði öldung Andrus tala . . . hef ég ætíð sótt samkomur Síðari daga heilagra og þau skipti sem ég hef ekki farið á samkomur eru vissulega afar fá, en skylda mín hefur samt verið sú að gera það.

Ég nefni þetta í sögu minni, svo að börn mín megi fylgja fordæmi mínu og aldrei vanrækja þessa . . . mikilvægu skyldu að koma saman með hinum heilögu.“¹

Heinrich var ljóst að á sakramentissamkomu bæri okkur að endurnýja loforð okkar um að hafa frelsarann ávallt í huga og hafa anda hans með okkur.

Það var andinn sem studdi hann í trúboðinu sem hann var kallaður í, aðeins nokkrum mánuðum eftir að hann tók á móti skírnaarsáttmálanum. Hann skildi fordæmi sitt eftir sem arfleifð um að vera trúfastur í trúboði sínu í sex ár, þar sem þá nefndist Yfirráðasvæði Indíjána. Hann gekk frá Oklahoma til Salt Lake City, um 1.770 km, til að vera leystur af frá trúboðinu sínu.

Stuttu síðar var hann kallaður af spámanni Guðs til að flytja búferlum til suðurhluta Utah. Þar tók hann á móti annarri köllun um að fara í trúboð til fæðingarlands síns, Þýskaland. Hann gekkst síðan við því boði postula Drottins Jesú Krists að hjálpa til við nýlendu Síðari daga heilagra í norðurhluta Mexíkó. Þaðan var hann kallaður í trúboð til Mexíkóborgar. Hann heiðraði þessar kallanir. Hann er grafinn í litlum kirkjugarði í Colonia Juárez, Chihuahua, Mexíkó

Ég segi ekki frá þessum staðreyndum til að hefja hann upp til skýja fyrir það sem hann afrekaði eða gerði í þágu niðja sinna. Ég segi frá þessum staðreyndum til að heiðra hann fyrir fordæmi hans um trú og von, sem fylltu hjarta hans.

Hann tók á móti þessum köllunum vegna þeirrar trúar að hinn upprisni Kristur og okkar himneski faðir hafi birtst Joseph Smith í trjálandi í New

York. Hann tók á móti þeim vegna þess að hann trúði að lykklar prestdæmisins höfðu verið endurreistir í kirkju Drottins, með valdinu til að innsigla fjölskyldur að eilífu, bundið því að þær hefðu næga trú til að halda sáttmála sína.

Þið gætuð, líkt og Heinrich Eyring, forfaðir minn, verið fyrst í ykkar fjölskyldu til að vísa veginn til eilífs lífs, á vegi hinna helgu sáttmála sem gerðir eru og haldnir af kostgæfni og trú. Hverjum sáttmála fylgja skyldur og loforð. Hvað okkur öll varðar, líkt og Heinrich upplifði, þá eru þessi skyldustörf stundum einföld, en oftast erfið. Hafið í huga að slík skyldustörf verða stundum að vera erfið, því tilgangur þeirra er að leiða okkur áfram á þeim vegi að lifa að eilífu með himneskum föður og hans ástkæra syni, Jesú Kristi, sem fjölskyldur.

Minnist þessara orða í Bók Abrahams:

„Og einn stóð á meðal þeirra, líkur Guði, og hann sagði við þá, sem með honum voru: Við munum fara niður, því að þar er rúm, og við munum taka af þessu efni og við munum gjöra jörð, sem þessir geta dvalið á—

Og með þessu munum við reyna þá og sjá hvort þeir gjöra allt, sem Drottinn Guð þeirra býður þeim—

Og þeim, sem standast fyrsta stig sitt, mun bætast meira. En þeir, sem ekki standast fyrsta stig sitt, munu ekki njóta dýrðar í sama ríki og þeir, sem standast fyrsta stig sitt. Og þeim, sem standast annað stig sitt, mun bætast dýrð við dýrð alltaf og að eilífu.“²

Að halda annað stig sitt, er háð því að við gerum sáttmála við Guð og framfylgjum af trúfesti þeim skyldum sem þeim fylgja. Það krefst trúar á Jesú Krist, sem frelsara okkar, að halda helga sáttmála alla ævi.

Sökum þess að Adam og Eva féllu, er alheimsarfleifð okkar sú að upplifa freistingar, raunir og dauða. Okkar kærleiksríki himneski faðir gaf okkur gjöf síns ástkæra sonar, Jesús Krist, frelsara okkar. Sú undursamlega gjöf og blessun friðþægingar Jesú Krists, færir alheimsarfleifð: Fyrirheitið um

upprisuna og möguleika eilífs lífs fyrir alla sem fæðast.

Æðstu blessun Guðs, sem er eilíft líf, hljótum við aðeins með því að gera sáttmála, sem tiltækir eru í hinni sönnu kirkju Jesú Krists, af hendi réttmætra þjóna hans. Sökum fallsins þurfum við öll hinn hreinsandi mátt skírnar og handayfirlagningu til viðtöku gjafar heilags anda. Þessar helgiathafnir verða að vera framkvæmdar af þeim sem hefur til þess prestdæmisvald. Við getum síðan, með hjálp ljóss Krists og heilags anda, haldið alla sáttmálana sem við gerum við Guð, einkum þá sem gerðir eru í musterum hans. Aðeins á þennan hátt, og með þessari hjálp, er hægt að gera kröfu til sinnar réttmætu arfleifðar, sem barn Guðs í ævarandi fjölskyldu.

Sumum sem á mig hlýða, kann að finnast það nærri vonlaus draumur.

Þið hafið séð trúfasta foreldra trega yfir börnum sem hafa hafnað sáttmálum sína við Guð eða kosið að brjóta þá. Þeir foreldrar geta hinsvegar látið huggast og fundið von í reynslu annarra foreldra.

Alma og synir Mósía konungs létu af ofsafenginni mótstöðu gegn sáttmálum og boðorðum Guðs. Alma yngri sá son sinn, Kóríanton, snúa frá vítaverðri synd að trúfastri þjónustu. Í Mormónsbók er líka getið um hinn undraverða viðsnúning Lamanítanna, að láta af hinu hefðbundna hatri sínu á réttlætinu og gera sáttmála um að viðhalda friði allt til dauða.

Engill var sendur til hins unga Alma og sona Mósía. Engillinn vitjaði þeirra vegna trúar og bæna feðra þeirra og fólks Guðs. Þessar fyrirmyndir, um kraft friðþægingarinnar, hafandi áhrif á mannshjartað, geta fyllt okkur hugrekki og huggun.

Drottinn hefur séð okkur fyrir öllum úrræðum vonar, er við reynum að hjálpa þeim sem okkur þykir vænt um að taka á móti eilífri arfleifð sinni. Hann hefur gefið okkur loforð, er við höldum áfram að leiða fólk til hans, jafnvel þótt það taki ekki á móti boði hans. Mótstaða þeirra hryggir hann,

en hann gefst ekki upp og það ættum við ekki að gera. Hann er okkur hin fullkomna fyrirmynd með sinni langvarandi elsku: „Og enn fremur, hversu oft hefði ég viljað safna yður saman, eins og hæna safnar ungum sínum undir vængi sína, já, yður af Ísraelsætt, sem fallið hafið, já, ó, yður, Ísraelsætt, yður, sem dveljið í Jerúsalem, og yður, sem fallið hafið. Já, hversu oft hefði ég viljað safna yður saman, eins og hæna safnar saman ungum sínum, en þér vilduð það ekki.“³

Við getum reitt okkur á hina óbrigðulu þrá frelsarans til að leiða öll andabörn himnesks föður aftur heimkynna þeirra hjá honum. Allir trúfastir foreldrar, afar og ömmur og langafar og langömmur, hafa líka þessa þrá. Himneskur faðir og frelsarinn eru fullkomið fordæmi um það hvað við getum gert og verðum að gera. Þeir þröngva ekki réttlæti upp á neinn, því það verður að vera valkvætt. Þeir gera okkur réttlætið ljóst og gera okkur kleift að sjá að ávextir þess eru ljúfengir.

Allir menn sem fæðast í þennan heim hafa með sér ljós Krists, sem hjálpar okkur að sjá og skynja hið rétta og hið ranga. Guð hefur sent jarðneska þjóna, sem með heilögum anda geta hjálpað okkur að skilja hvað hann vill að við gerum og hvað hann fyrirbýður okkur að gera. Guð gerir það aðlaðandi að velja hið rétta með því að láta okkur skynja áhrifin af vali okkar. Ef við veljum hið rétta, munum við upplifa hamingju—á tilsettum tíma. Ef við veljum hið ranga, munum við upplifa sorg og eftirsjá—á tilsettum tíma. Þessi áhrif eru óbrigðul. Oft er þeim þó seinkað. Ef blessanir kæmu þegar í stað, mundi rétt val ekki byggja upp trú. Þar sem sorginni er líka stundum seinkað, þarf trú til að skynja nauðsyn þess að leita árla fyrirgefningar fyrir syndir, fremur en eftir að við upplifum sorgina og sár áhrif hennar.

Faðir Lehi harmaði ákvarðanir sumra sona sinna og fjölskyldna

þeirra. Hann var mikilhæfur og góður maður—spámaður Guðs. Hann bar þeim oft vitni um frelsara okkar, Jesú Krist. Hann var fordæmi um hlýðni og þjónustu þegar Drottinn kallaði hann til að yfirgefa allar sínar veraldlegu eigur til að koma í veg fyrir tortímingu fjölskyldu sinnar. Þegar dró að lokum lífs hans, var hann enn að vitna fyrir börnum sínum. Lehi hélt örmum sínum útréttum til að laða fjölskyldu sína að hjálpraði, líkt og frelsarinn—þrátt fyrir getu hans til að greina hjörtu þeirra og sjá bæði sorglega og gleðilega framtíð.—

Á okkar tíma eru milljónir niðja föður Lehis til staðfestingar á von hans fyrir þá.

Hvað getum við gert til að læra af fordæmi Lehis? Við getum gert það með því að læra ritningarnar af guðrækni og kostgæfni.

Ég legg til að þið hugsið bæði til skamms og langs tíma í þeirri viðleitni að færa fjölskyldu ykkar arfleifð vonar. Til skamms tíma, þá horfir til vandræða og Satan mun freista. Sumu þarf að sýna biðlund í trú, í þeirri vissu að Drottinn bregðist við á sínum tíma og á sinn hátt.

Sumt er hægt að gera árla, þegar ástvinir eru ungir að árum. Hafið í huga að einfaldara og áhrifaríkara er að kenna fjölskyldubænir, ritningarnám og vitnisburðargjöf á sakramentissamkomu meðan börnin eru enn ung. Ung börn eru oft næmari á andann en við höldum.

Þegar þau eldast, muna þau eftir sálmunum sem þú sungu með ykkur. Þau muna jafnvel enn betur eftir vitnisburðum og orðum ritninganna, en tónlistinni. Heilagur andi getur kallað þetta allt fram í minni þeirra, en orð ritninganna og sálmarnir hafa varanlegustu áhrifin. Þessar minningar munu toga þau til baka, ef þau hafa villst frá um tíma, hugsanlega í mörg ár, af veginum heim til eilífs lífs.

Við þurfum að horfa langt fram á veg, þegar heimurinn togar í ástvini

okkar og skýjahula virðist draga fyrir trú þeirra. Við höfum trú, von og kærleika til að leiða okkur og efla þau.

Það hef ég séð sem ráðgjafi tveggja lifandi spámannanna Guðs. Þeir eru einstaklingar sem búa að sérstakri persónugerð. Þeim virðist sameiginlegt að vera stöðugt bjartsýnir. Þegar einhver hefur upp viðvörunarraust varðandi eitthvað sem snertir kirkjuna, þá er svar þeirra oftast: „Ó, þetta mun allt blessast.“ Yfirleitt þekkja þeir betur til vandans en þeir sem hefja upp aðvörunarraustina

Þeir þekkja líka vegu Drottins og því eru þeir ætíð vongóðir varðandi ríki hans. Þeir vita að hann stjórnar því. Hann er almáttugur og honum stendur ekki á sama. Ef þið hafið hann sem leiðtoga fjölskyldu ykkar, mun allt fara vel.

Sumir niðjar Heinrichs Eyring virðast hafa farið villu vegar. Mörg barnabarnabörn hans fara hinsvegar í musteri Guðs klukkan 6 að morgni, til að framkvæma helgiathafnir fyrir áa sem þeir hafa aldrei kynnst. Þau gera það vegna arfleifðar vonar sem hann skildi eftir sig. Hann skildi eftir sig arfleifð sem margir niðjar hans hafa tileinkað sér.

Eftir allt sem við getum gert í trú, mun Drottinn réttlæta vonir okkar um ríkulegri blessanir fyrir fjölskyldu okkar en við fáum ímyndað okkur. Hann vill það besta fyrir þau og fyrir okkur, sem börn hans.

Við erum öll börn lifanda Guðs. Jesús frá Nasaret er ástkær sonur hans og okkar upprisni frelsari. Þetta er hans kirkja. Í henni eru lykklar prestdæmisins, þar af leiðandi geta fjölskyldur verið saman að eilífu. Þetta er okkar ómetanlega arfleifð vonar. Ég ber vini um að það er sannleikur, í nafni Drottins Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Sjá Henry Eyring reminiscences, 1896, handrit, Church History Library, 16–21.
2. Abraham 3:24–26.
3. 3 Ne 10:5.